

Íslandshótel hf.
Kt. 630169-2919
Sigtúni 38, 105 Reykjavík
105 Reykjavík

Kópavogur, 17. ágúst 2022

Staðfesting vegna skuldabréfaflokks IH140647

Deloitte ehf. gegnir eftirlitshlutverki með skuldabréfaflokki Íslandshótela hf. sem gefinn var út í júní 2017.

Staðfesting þessi miðast við stöðu Íslandshótel hf. þann 30.06.2022 en árslutareikningur samstæðunnar fyrir fyrstu 6 mánuði ársins var samþykktur af stjórn þann 17. ágúst 2022.

Sem eftirlitsaðili með skuldabréfaflokknum voru eftirfarandi atriði yfirfarin:

- Útreikningar útgefanda á skilyrðum skuldabréfaflokksins
- Hvort takmörkun á eiginfjárvöð væri ekki örugglega fylgt (Eiginfjárlutfall án óefnislegra eigna skal vera 20% eða hærra)
- Hvort takmörkun á skuldsetningu (vaxtaberandi skuldir sem hlutfall af rekstrarhagnaði (EBITDA)) ekki örugglega fylgt
- Hvort takmörkun á tryggingaskilyrði væri ekki örugglega fylgt
- Hvort breytingar væru á veðsetningu eigna og áhrif
- Hvort vanskil væru til staðar
- Hvort breytingar væru á starfsemi félagsins
- Hvort viðmið vegna arðgreiðslna væri fylgt

Þann 30. júní 2022 voru viðkomandi fjárhagslegar kvaðir eftirfarandi:

Fjárhagsleg kvöð	Skilyrði	Niðurstaða útreiknings	Skilyrði staðist	
Eiginfjárlutfall Samstæðunnar	Heildar eigið fé útgefanda deilt með heildareignir félagsins	Ekki undir 20%	33,8%	Já
Lánaþekja	Vaxtaberandi skuldir í hlutfalli við rekstrarhagnað (EBITDA)	Ekki hærra en 7	8,47	Nei*
Tryggingaskilyrði	Eftirstöðvar skuldabréfaflokks að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbætur í hlutfalli við bókfært virði veðandlagsins	Ekki hærra en 100%	37,9%	Já
Veðandlag tryggingabréfs	Uppreiknuð tryggingabréf á móti uppreiknuðum skuldum	Ekki undir 105%	208,7%	Já

Niðurstaða skoðunarinnar er að öllum skilyrðum skuldabréfaflokksins hefur verið fylgt og engar athugasemdir gerðar. Líkt og fram kemur að neðan hefur félagið fengið samþykkt á fundi skuldabréfaeigenda að fallið yrði frá útreikningi um takmarkaða skuldsetningu (lánaþekju) til og með 30. júní 2022.

**Á fundi skuldabréfaeigenda og útgefanda (Íslandshótela) þann 1. desember 2021 var samþykkt breyting á skilmálum skuldabréfanna um fjárhagsleg skilyrði. Samkvæmt breytingunni samþykktu skuldabréfaeigendur að þeir muni ekki krefjast gjaldfellingar eða grípa til annarra samningsbundinna úrræða gagnvart útgefanda vegna brota á fjárhagslegum skilmálum á tímabilinu 30. júní 2021 til og með 30. júní 2022.*

Virðingarfyllt,



Ingvi Björn Bergmann

endurskoðandi